



Styrkur til uppsetningu á varmadælu

Samningur um styrkveitingu

Styrkupp hæð kr. 800.000

Styrkveitandi:

Selfossveitur

Kt:630992-2069

Austurvegi 67

800 Selfoss

Styrkþegi:

Nafn

kennitala

Heimilisfang

Inngangur

Stjórn Selfossveitna samþykkti á fundi sínum þann _____ (dags. fundar) umsókn þína til uppsetningar á varmadælu.

Selfossveitur og _____ (nafn styrkþega) gera því með sér eftirfarandi samning um framkvæmd verkefnisins, útgreiðslu styrkuppþæðarinnar og upplýsingagjöf.

1. gr.

Framkvæmd og tímamörk

Framkvæmd verkefnisins skal vera í samræmi við þau markmið, áætlanir, upplýsingar sem tilgreindar voru í styrkumsókninni dags. ____ og fylgiskjöllum hennar. Hugsanleg frávik skal styrkþegi tilkynna Selfossveitum og leita samþykkis fyrirfram.

Styrkveitingin miðast við að framkvæmd verkefnisins fari fram árið 2016. Óski styrkþegi eftir framlengingu á tímafresti skal slík umsókn berast fyrir 15. okt. 2016

2. gr.

Greiðsla styrksins

Styrkuppþæðin greiðist í einni greiðslu eftir lok framkvæmda og við framvísun reiknings. Miðað er við að lögbundnar úttektir búnaðar hafi farið fram, ábyrgðaryfirlýsingar liggi fyrir og gerð sé grein fyrir rekstrarfyrirkomulagi. Selfossveitur munu framkvæma úttekt sem staðfesti eðlilega verkun og afköst búnaðar.

3. gr.

Aðgengi að upplýsingum

Selfossveitur bs. hyggst taka saman upplýsingar um gagnsemi framkvæmdarinnar og orkukostnað við húshitun með nýju fyrirkomulagi. Styrkþegi skuldbindur sig til að veita í þrjú ár upplýsingar um orkunotkun, orkunýtingu, orkukostnað og fjárhagslega afkomu framkvæmdarinnar í samvinnu við starfsmenn Selfossveitna, svo meta megi gagnsemi þessa framtaks.

4. gr.

Niðurfelling styrks

Hafi undirritaður samningur ekki borist Selfossveitum tveimur mánuðum eftir dagsetningu tilkynningar um styrkveitinguna er litið svo á að ekki verði af framkvæmd verkefnisins og fellur þá styrkveitingin niður án frekari tilkynningar af hálfu Selfossveitna.

Víki styrkþegi frá þeim forsendum sem fram voru settar í styrkumsókn og fylgigögnum hennar án fengins skriflegs samþykkis Selfossveitna getur stjórn Selfossveitna ákveðið að fella niður styrkinn.

Hafi styrkþegi ekki fullnægt ákvæðum 2. gr. í árslok 2016 fellur styrkveiting sjálfkrafa niður, enda hafi styrkþegi ekki sótt um framlengingu tímafrest sbr. 1. gr.

**5. gr.
Gildistími**

Samningurinn gildir frá undirritunardegi og fellur hann sjálfkrafa úr gildi þegar öllum ákvæðum samningsins hefur verið fullnægt.

6. gr. Úrlausn ágreinings

Rísi upp ágreiningur um samning þennan skal reka mál fyrir Héraðsdómi Suðurlands enda hafi samningsaðilar þá áður árangurslaust reynt að sætta ágreining sinn.

Samningurinn, sem er þrjár tölusettar síður, er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

Staður og dagsetning: _____

F.h. Selfossveitna

Styrkþegi:

Vottar:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala